

From: [Guðrún Soffía Björnsdóttir](#)
To: ibuarad@midborgoghlidar.is; [Íbúaráð Vesturbær](#)
Subject: Stækkun gjaldskyldsvæði Bílastæðasjóðs - Upplýsingagjöf
Date: miðvikudagur, 3. júlí 2024 11:03:27
Attachments: [image001.png](#)
[image002.png](#)
[Gjaldskvilda tekin upp í bínu hverfi - tillaga \(002\).pdf](#)
[Gjaldskvilda tekin upp í ykkar nærumhverfi - fyrirtæki.pdf](#)
[Gjaldsvæði við Hallgrímskirkju.pdf](#)

Góðan daginn,

Fyrir nokkrum vikum var samþykkt í USK ráðinu stækkun á gjaldskyldusvæði Bílastæðasjóðs og við viljum upplýsa íbúaráðin á þessu svæði um upplýsingagjöf til íbúa vegna þessa.

Meðfylgjandi er bréf til íbúa á umræddum svæðum, en það verður sent sem hnipp á island.is í dag.

Einnig fylgir hér með bréf til rekstrar/hagaðila á umræddum svæðum sem sent verður í tölvupósti og þeir aðilar beðnir um leið að senda tilkynninguna áfram til sinna aðila/starfsmanna. Kort af bílastæðinu í kringum Hallgrímskirkju verður sent með til útskýringar fyrir þá hagaðila sem eru á því svæði.

Þjónustuver verður upplýst um útsendinguna og verður því með svör á reiðum höndum við fyrirspurnum með berast.

Frétt um breytinguna frá 12. júní sl.: [Breytingar á gjaldsvæðum bílastæða | Reykjavík](#)

Takk fyrir,
Guðrún.



Guðrún Soffía Björnsdóttir

Sérfræðingur

Sími: +354 411 11 11

Skrifstofa þjónustu og samskipta

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.



Gjaldskylda tekin upp í ykkar nærumhverfi

Á fundi Umhverfis- og skipulagsráðs 12. júní 2024 var samþykkt gjaldskylda í ykkar nærumhverfi. Tilgangurinn með gjaldskyldunni er meðal annars að skapa aukið svigrúm fyrir bifreiðar íbúa og þá aðila sem sækja þjónustu á þeim svæðum sem slíkt á við. Reynslan sýnir að með gjaldskyldu er hægt að hafa veruleg áhrif á hverjir nota tiltekin bílastæði og í hvaða tilgangi.

Niðurstöður talninga sýna mikla og stöðuga nýtingu bílastæða á jöðrum núverandi gjaldsvæða, sem gefa tilefni til að stækka gjaldsvæði á tilgreindum stöðum í samræmi við verklagsreglur. Einkum er um að ræða stækkun á gjaldsvæði 2.¹

Samþykkt var gjaldskylda á eftirfarandi svæðum:

1. Gjaldsvæði 1

a. Sturlugata

2. Gjaldsvæði 2

a. Aragata

b. Egilsgata, bílaplan við Hallgrímskirkju

c. Eiríksgata, bílaplan við Hallgrímskirkju

d. Oddagata

e. Seljavegur

f. Sæmundargata

g. Vesturgata milli Ánanaustar og Stýrimannastígs

Hvenær tekur gjaldskyldan gildi?

Fyrst skrefið er að auglýsa samþykktu gjaldskyldu í Stjórnartíðindum. Undirbúningur á staðsetningu mæla og merkinga, undirbúningur verktaka og uppsetning tekur síðan að jafnaði 6-8 vikur. Stefnt er að því að gjaldskyldan byrji í ágúst en þegar endanleg dagsetning liggur fyrir verður sendur annar póstur á íbúa og rekstraraðila.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá þjónustuveri Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 eða á netfanginu upplýsingar@reykjavik.is.

Bestu kveðjur - Bílastæðasjóður

¹ Tillagan var sett fram á grundvelli reglna um notkun stöðureita og gjaldtöku í Reykjavík, verklagsreglna um innleiðingu nýrra gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur og talninga á nýtingu sem fóru fram í árslok 2023.



Gjaldskylda tekin upp í þínu hverfi

Á fundi Umhverfis- og skipulagsráðs 12. júní 2024 var samþykkt gjaldskylda í þínu hverfi. Tilgangurinn með gjaldskyldunni er meðal annars að skapa aukið svigrúm fyrir bifreiðar íbúa og þá aðila sem sækja þjónustu á þeim svæðum sem slíkt á við. Reynslan sýnir að með gjaldskyldu er hægt að hafa veruleg áhrif á hverjir nota tiltekin bílastæði og í hvaða tilgangi.

Niðurstöður talninga sýna mikla og stöðuga nýtingu bílastæða á jöðrum núverandi gjaldsvæða, sem gefa tilefni til að stækka gjaldsvæði á tilgreindum stöðum í samræmi við verklagsreglur. Einkum er um að ræða stækkun á gjaldsvæði 2.ⁱ

Samþykkt var gjaldskylda á eftirfarandi svæðum:

1. Gjaldsvæði 1

a. Sturlugata

2. Gjaldsvæði 2

a. Aragata

b. Egilsgata, bílaplan við Hallgrímskirkju

c. Eiríksgata, bílaplan við Hallgrímskirkju

d. Oddagata

e. Seljavegur

f. Sæmundargata

g. Vesturgata milli Ánanaustar og Stýrimannastígs

Íbúar geta sótt um bílastæðakort íbúa

Íbúar með lögheimili við götu þar sem bílastæði eru gjaldskyld og eru **ekki með bílastæði á lóð sinni** eiga þess kost að sækja um bílastæðakort íbúa. Þau veita heimild til að leggja einni bifreið án endurgjalds í gjaldmæla í gjaldskyld bílastæði innan þess svæðis sem íbúakortið tekur til.ⁱⁱ

Hvenær tekur gjaldskyldan gildi?

Fyrsta skrefið er að auglýsa samþykktu gjaldskyldu í Stjórnartíðindum. Undirbúningur á staðsetningu mæla og merkinga, undirbúningur verktaka og uppsetning tekur síðan að jafnaði 6-8 vikur. Stefnt er að því að gjaldskyldan byrji í ágúst en þegar endanleg dagsetning liggur fyrir verður sendur annar póstur á íbúa. Ekki er æskilegt að sækja um íbúakort fyrr en sá póstur berst.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá þjónustuveri Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 eða á netfanginu upplýsingar@reykjavik.is.

Bestu kveðjur - Bílastæðasjóður

ⁱ Tillagan var sett fram á grundvelli reglna um notkun stöðureita og gjaldtöku í Reykjavík, verklagsreglna um innleiðingu nýrra gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur og talninga á nýtingu sem fóru fram í árslok 2023.

ⁱⁱ Sjá upplýsingar um íbúakort, reglur og kort af íbúakortasvæðum á www.reykjavik.is/bilastaedi/ibuakort.



Njarðargata

Tækniskólinn

Hníbjörg

Hallgrímskirkja

Grænaborg

Vörðuskóli

Mímisvegur